



83. HÉRAÐSPING HSH ÞINGGERÐ

**Héraðsþing HSH
Lýsuhóli 11.apríl 2024**

Þingsetning

Formaður HSH, Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson setti 83. Héraðsþing HSH kl. 18:00 og bauð fulltrúa velkomna.

Tilnefning þingforseta, varaþingforseta og tveggja þingritara

Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson tilnefnir þingforseta, Kristján Þórðarson.

Kristján þakkaði traustið, langt síðan hann hefur setið þing hjá HSH. Ánægjulegt hve þingið er fjölmennt.

Þingforseti tilnefnir Ragnhildi Sigurðardóttur sem varaþingforseta og Maríu Ölmú Valdimarsdóttur og Berglindi Long sem þingritara.

Skipun kjörbréfanefndar

Þingforseti leggur til að Karen Björg Gestsdóttir (Eldborg) verði formaður kjörbréfanefndar og með henni verði Arnar Geir Diego Ævarsson (Skotfélag Snæfellsness) og Sírý Arnardóttir (UMF. Grundarfjarðar). Kjörbréfanefnd tekur til starfa.

Aðildarfélög

Eldborg	3	UMF. Staðarsveit	3	Golfklúbburinn Jökull	3
Golfklúbburinn Mostri	3	UMF. Víkingur/Reynir	5	Golfklúbburinn Vestarr	4
Skotfélag Snæfellsness	4	UMF. Snæfell	5		
Golfklúbbur Staðarsveitar	2	UMF. Grundarfjarðar	5		
Íþróttafélag Miklaholtshrepps	3	Snæfellingur	4		

Skýrsla stjórnar

Þingforseti býður formann HSH í pontu til þess að fara yfir skýrslu HSH.. Hjörleifur Kristinn fer yfir störf HSH. Sjá skýrslu, síðasta þing haldið á Lindartungu, landsmót 50+ í Stykkishólmi, Unglingalandsmót, nýr framkvæmdastjóri ráðinn, formannafundur með breyttu sniði – haldið með félögum á svipuðu svæði þannig voru færri á hverjum fundi og umræða kannski meiri. Vöxtur í frjálsíþróttastarfi á svæðinu, sjálfboðaliðar heiðraðir, í vinnslu að útbúa silfur- og gullmerki HSH

Lagðir fram endurskoðaðir reikningar

Þingforseti býður Garðar Svansson, gjaldkera HSH í pontu til þess að fara yfir ársreikninga HSH. Garðar bendir á að reikningar eru einungis skoðaðir ekki endurskoðaðir – þetta er eitthvað sem þarf að laga í lögum félagsins.

Tekjur hærri en venjulega og það skýrist af Landsmóti 50+ að öðru leiti vísað í ársreikning.

Niðurstöður kjörbréfanefndar

Kjörbréfanefnd fer yfir kjörbréfin og les upp fundarmenn sem eiga rétt á að kjósa á þinginu.

Karen Björg formaður kjörbréfanefndar fór yfir kjörgengi fundarmanna: 12 félög hafa rétt á að senda fulltrúa á þingið og senda öll félög fulltrúa á þingið. 38 félagar mættir, um leið og nöfn hvers og eins voru lesin upp rétti viðkomandi upp hönd.

Snæfellingur 4 fulltrúar, 4 mættir : Herborg Sigurðardóttir, Lárus Ástmar Hannesson, Ólafur Tryggvason og Katharina Kotschote

Eldborg 3 fulltrúar, 3 mættir: Elísabet Ýr Bjarnadóttir, Valgerður Álfheiður Sigurðardóttir og Karen Björg Gestsdóttir

Golfklúbburinn Mostri 3 fulltrúar, 3 mættir: Magnús Þór Jónsson, Gunnar Björn Guðmundsson og Guðni Sumarliðason

Umf. Vikingur/Reynir 5 fulltrúar, 3 mættir: Helga Guðrún Sigurðardóttir, Kristjana Pétursdóttir og Selma Pétursdóttir

Umf. Snæfell 5 fulltrúar, 5 mættir: Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson, María Alma Valdimarsdóttir, Birta Antonsdóttir, Gísli Pálsson og Björg Gunnarsdóttir

Umf. Grundarfjarðar 5 fulltrúar, 5 mættir: Sigríður Guðbjörg Arnardóttir, Ingibjörg Eyrún Bergvinsdóttir, Gyða Rós Freysdóttir, Kristín Halla Haraldsdóttir og Gunnar Andri Pétursson

Golfklúbburinn Vestarr 4 fulltrúar, 2 mættir: Garðar Svansson og Sverrir Karlsson

Golfklúbburinn Jökull 3 fulltrúar, 2 mættir: Jóhann Pétursson og Viðar Gylfason

Íþróttafélag Miklaholtshrepps 3 fulltrúar, 3 mættur: Laufey Bjarnadóttir, Sigursteinn Sigurvinnsson og Bjarni Alexandersson

Skotfélag Snæfellsness 4 fulltrúar, 4 mættir: Arnar Geir Diego Ævarsson, Birgir Guðmundsson, Guðmundur Andri Kjartansson og Unnsteinn Guðmundsson

Golfklúbbur Staðarsveitar 2 fulltrúar, 2 mættir: Haukur Þórðarson og Kristjana Þórðardóttir

Umf staðarsveit 3 fulltrúar, 2 mættir: Sigurósk Sunna Magnúsdóttir og Þórður Svavarsson

Umræður um skýrslu stjórnar og reikningar lagðir fram til samþykktar.

Þingforseti gefur orðið út í sal fyrir umræður. Ef enginn vill kveða sér hljóðs og koma í pontu eru reikningar lagðir til atkvæðagreiðslu fyrir þingið.

Gísli Pálsson frá Umf. Snæfell spurði hvort það væri ljóst hversu mikið Lottó tekjur myndu skerðast til HSH þegar nýju störf sem ÍSÍ og UMFÍ eru að auglýsa verða að veruleika. **Garðar** svaraði að ekki sé komið á hreint hver sú skerðing verður, ljóst að það verður skerðing en á móti ættum við að fá betri þjónustu.

Kristján frá Umf. Eldborg, veltir fyrir sér hvað HSH þurfi að eiga í vasanum, væri nær að eyða þessu í íþróttastarfið í stað þess að safna pening inni á banka. Fagnar því að reksturinn er á góðu róli, fagnar því að sambandið er komið með góðan framkvæmdastjóra og hversu margir eru á þinginu. Svona í hnotskurn – þarf sambandið að eiga alla þessa fjármuni á bankabók.

Garðar þakkar fyrirspurnina – búin að starfa lengi og hér áður fyrr var sambandið oft rekið á yfirdrætti – nauðsynlegt að eiga varasjóð til að geta mætt óvæntum áföllum hjá sambandinu og félögum þess, hans mat sem gjaldkera er að sambandið eigi varasjóð uppá lágmark ca 8 milljónir. Sjáum að starfið gengur vel, og ekki gott ef okkar sjálfboðaliðar þurfi að hafa áhyggjur af fjármálum ofan á allt annað

Reikningar félagsins samþykktir samhljóða

Ávörp gesta

Þingforseti býður þá fulltrúa gesta sem í salnum sitja að koma og ávarpa þingið.

Viðar Sigurjónsson frá ÍSÍ – vinnur á skrifstofu ÍSÍ á Akureyri, starfað þar í um 25 ár. Lærir af því að sækja Héraðsþing – kemst betur inn í starf rótarinnar því starfi sem skiptir okkur mestu máli. Nýtir þá þekkingu til að gera betur í starfinu í dag en í gær. Flytur kveðjur frá forseta ÍSÍ, framkvæmdastjóra ÍSÍ, framkvæmdastjórn ÍSÍ og starfsfólki ÍSÍ. Veitir forstöðu þjálfaramenntun ÍSÍ og vill meina að það sé þarft verkefni, keyrt allt árið – er í fjarnámi allir geta tekið þátt hvar sem þeir eru staðsettir. Almenni hlutinn gildir jafnt fyrir allar íþróttagreinar. KSÍ og GSÍ eru þó með sitt eigið menntakerfi. Nauðsynlegt til að leiðbeinendur okkar hafi grunnþekkingu. Hvetur aðildarfélög HSH til að senda sína þjálfara á þessi námskeið. Hversu reynslumiklir þjálfarar eru þá koma þeir út sem betri þjálfarar eftir námið. Sér einnig um Fyrirmyndarhéruð og Fyrirmyndarfélög og fer hann betur yfir þetta á eftir.

Eitt verkefni eftir hjá honum í bili, verið falið að veita þremur aðilum heiðursmerki ÍSÍ. Biður Garðar Svansson stjórnarmann í ÍSÍ að koma og aðstoða hann við verkefnið.

Silfurmerki ÍSÍ, (átti að veita árið 2015 en af ýmsum ástæðum hefur það dregist). **Silfurmerki ÍSÍ hlýtur Kristján Magnússon Elborg**, Kristján kom fyrst inn í stjórn Eldborgar 1995 og hefur síðan þá tekið virkan þátt í störfum félagsins, gegndi formennsku um tíma. Ef ekki sem stjórnarmaður þá sem félagið, foreldri eða þjálfari, sat í varastjórn HSH í á annan áratug og sinnti þar ýmsum trúnaðarstörfum. Enn í dag tilbúinn að koma til starfa þegar til hans er leitað með hin ýmsu mál tengt íþróttahreyfingunni. Til hamingju Kristján.

Gullmerki ÍSÍ Bjarni Alexandersson, hestamannafélagið Snæfellingur – hefur hlotið þotuskjöldinn sem veitt er þeim félagsmanni í Snæfellingi sem lagt hefur mikið af mörkum í þágu félagsins og er heiðursfélagi Snæfellingis, hefur hlotið heiðursmerki hrossaræktarfélags Vesturlands og gullmerki Landssambands Hestamannafélaga árið 2016 – Til hamingju Bjarni Einnig hlýtur **Gunnar Kristjánsson hestamannafélagið Snæfellingis Gullmerki ÍSÍ**, einn af stofnfélögum Snæfellingis og heiðarsfélagi þar, starfaði ötullega fyrir félagið meðal annars við mótahald á Kaldármelum og uppbyggingu þess svæðis. Til hamingju Gunnar

Kristján þingforseti þakkaði Viðari fyrir og óskaði Kristjáni, Bjarna og Gunnari til hamingju með sín merki og bauð fulltrúa UMFÍ að koma í pontu.

Guðmunda Ólafsdóttir frá UMFÍ – flytur kveðju frá starfsfólki og stjórn UMFÍ, Auður framkvæmdastjóri UMFÍ mun koma í pontu á eftir undir önnur mál. Þakkar HSH og sérstaklega Sveitafélaginu Stykkishólmi fyrir Landsmót 50+ sem haldið var síðasta sumar, virkilega vel staðið að mótinu af hálfu bæjarins og HSH. Vonandi sjáum við sem flesta keppendur frá HSH á næsta Landsmóti 50+ sem haldið verður í Vogum á Vatnsleysuströnd í sumar. Unglingalandsmótið verður haldið í Borgarnesi næsta sumar og hvetur sem flesta til að taka þátt í þeirri gleði. Covid faraldurinn kenndi okkur að breytingar eru ekki alltaf slæmar, samstaða og samstarf í flestum tilfellum til heilla – faraldurinn kenndi okkur að það er staðreynd. Samfélagið tekur breytingum og hefur aldrei verið eins fjölbreytt og það er nú, íþrótt- og ungmennahreyfingin ætti því að endurspegla það, þarf að vera að tánum til að koma til móts við mismunandi þarfir iðkenda og félagsmanna, vera ógrædd að fylgjast með og prófa eitthvað nýtt. Skipulagt íþrótt- og æskulýðsstarf er lýðheilsu- og samfélagsmál og heilbrigðismál. Við eigum að vera fyrir alla, vinna saman, leyfa öllum að vera með, við erum öll með mismunandi þarfir og það er enginn með sérþarfir, vinnum saman að því að leyfa öllum að vera með. Vera óhrædd við að leyfa kröftugri rödd ungmennafélagshreyfingarinnar að heyrast. Hvetur fundarmenn til að kynna okkur verkefni/starfi sem UMFÍ heldur úti, bendir líka á þá sjóði sem UMFÍ er með og hvetur okkur til að sækja um, t.d. hægt að sækja um þjálfarastyrki. Þakkar tækifærið við að fá að vera hjá okkur á þessu þingi - megi gleðin ráða ríkjum í starfsemi sambandsins. Hún og Auður ætla núna að veita viðurkenningar frá UMFÍ.

Starfsmerki UMFÍ – hjón sem hafa starfað mikið fyrir sambandið **Þóra Kristín Magnúsdóttir og Helgi Sigurmonsson umf. Staðarsveit**– alltaf boðin og búin til þess að hjálpa og vera með í öllu því sem gera þarf hvort sem það er að þrifa völlinn eða húsið á vellinum, gefa sér tíma til þess að sinna störfum í þágu íþróttahreyfingarinnar og eru hvetjandi fyrir aðra með góðum hrósum. Þeirra mantra er: hvað get ég gert, til hamingju og takk fyrir ykkar framlag.

Ragnhildur Sigurðardóttir umf. Staðarsveit, verið mjög virk í starfi ungmennafélagsins í nokkuð mörg ár, sat í stjórn félagsins og hefur setið í stjórn HSH. Ávallt tilbúin að aðstoða við íþróttir og félagssvarf á félagssvæði HSH. Takk kærlega fyrir þitt framlag.

María Alma Valdimarsdóttir umf. Snæfell hlýtur Gullmerki UMFÍ. hefur setið í stjórn umf. Snæfells frá árinu 1994, fyrst sem ritari en frá árinu 1997 sem gjaldkeri og er enn að. Var einnig sundþjálfari hjá Snæfell og sá um rekstur sunddeildarinnar í mörg ár, er alltaf boðin og búin til þess að aðstoða og gengur í öll verk. Hennar mantra er: ég skal gera þetta. Takk fyrir þitt framlag.

Þingforseti þakkaði Guðmundu og Auði fyrir og óskaði merkjahöfum til hamingju.

Kosning nefnda þingsins:

Þingstjóri leggur til að eftirfarandi einstaklingar verði formenn nefnda.

a) Formaður Fjárhagsnefndar: Lagt er til að María Alma Valdimarsdóttir verði formaður fjárhagsnefndar. Ritari nefndarinnar er Birta Antonsdóttir.

b) Formaður Íþróttanefndar: Lagt er til að Berglind Long verði formaður Íþróttanefndar. Ritari nefndarinnar er Helga Guðrún.

c) Formaður Allsherjar- og laganefnd: Lagt er til að Laufey Bjarnadóttir verði formaður Allsherjar- og laganefndar. Ritari nefndarinnar er Björg Gunnarsdóttir.

Viðar Sigurjónsson frá ÍSÍ kom aftur í pontu – kynnti fyrirmyndarhérað ÍSÍ og fyrirmyndarfélag ÍSÍ – hefur trú á þessu verkefni og góð reynsla af þeim. Félög sem hafa komið inn í þessa vinnu hafa öll staðfest það að verkefnið er gott. Ákveðin gæðavottun fyrir félögin. Hérud og félög fá gátlista yfir þau atriði sem þau þurfa að uppfylla til að hljóta nafnbótina fyrirmyndarhéruð og fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Veit ekki af neinu félagi sem er mótfallið því að önnur félög nýti sér þær stefnur sem þau hafa sett sér, óþarfi að finna upp hjólið aftur, aðlögum að okkar félagi og gerum að okkar. Er að fara í þessa vinnu með HSH.

Kristján gaf orðið laust - **Lárus Ástmar Hannesson, Snæfellingur**, jafnréttisákvæðið kemur upp aftur og aftur, sérstaklega í boltaíþróttum þar sem verulega hallar á kvennalið – hversu hart er tekið á því hjá ÍSÍ þegar verið er að mismuna svona? **Viðar** segir að ÍSÍ ætli sérsamböndunum að taka á þessu, rétt ábending að þetta er ekki alltaf í lagi. ÍSÍ hefur fengið ábendingar inná sitt borð ef þetta heyrir undir félög sem eru fyrirmyndarfélag og þá hefur þetta komið inná hans borð. Sérsamböndin eiga að sjá um þetta. Góð og þörf ábending.

Auður Inga framkvæmdastjóri UMFÍ – kom í pontu og vildi svara spurningunni um lækkun Lottótekna til aðildarfélaganna - hefur fengið margar fyrirspurnir varðandi þetta og ekkert skrytið að þetta komið fram, þessi peningur skiptir félögin miklu máli og sérstaklega minni félög. Lottóskipting hefur verið þrætuepli lengi (25-30 ár). Skipuð var nefnd hjá bæði UMFÍ og ÍSÍ sem var skipuð fólki frá litlum og stórum félögum, frá landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu, konum og körlum, litlum sambandsaðilum og stórum sambandsaðilum, þ.e. reynt að fá alla að borðinu til að finna lausn. Ríkið setur 400 milljónir í þetta verkefni á tveimur árum. 140 milljónir fara í sjóð þar sem íþróttafélögin geta sótt í um leið og reglugerð um þennan sjóð er tilbúin. Hugmyndir um þessi störf var samþykkt 100% á þingum UMFÍ og ÍSÍ. 8 starfsstöðvar verða á landinu sem eiga að þjónusta 2-4 í héruð (á mörgum stöðum vilja héruðin sameinast) – hugsunin er að þessi störf geti eftir íþróttastarfið og sameina það – þau félög sem eru ekki með starfsmenn geta nýtt sér þessa starfsmenn. Hafa tekið eftir að þau félög sem hafa starfsmenn eru þau félög sem sækja í sjóðina eftir styrkjum. Þessir starfsmenn eiga að þjónusta öll landssvæðin. Tölurnar sem voru til grundvallar þegar farið var um landið með kynningar voru frá 2021 og þar var HSH að fá um 11 milljónir frá ÍSÍ og UMFÍ á ársgrundvelli- nýju tölurnar gera ráð fyrir 7 milljónum en virði starfanna sem koma á að vera 5 milljón þannig að heildarvirðisaukningin fyrir svæðið er þá 1 milljón en auðvitað þýðar það samt bara 7 milljónir til dreifingar en þá að vera búið að tryggja það að þeir starfsmenn sem eru að vinna þessi lögbundnu verkefni í dag t.d. þjónusta aðildarfélögin enn betur eða að sinnt einhverjum öðrum verkefnum. Aðeins eitt íþróttahérað sem gengur með lægri upphæð frá borði þó svo að starfsstöðin sé tekin inn í reikningsskjalið, 24 héruð ættu því að fá virðisaukningu.

Gísli Pálsson, umf. Snæfell - ef hann skilur þetta rétt að þá eru þetta 2 starfsmenn í 4 héruð, ekki búið að útskýra nægjanlega vel hvað þessir starfsmenn eiga að gera – það myndi nýtast okkur best ef við gætum bara fengið 50% starfsmann hingað þá myndum við nýta hann t.d. í samstarfið í fótbolta og til að byggja upp samstarf í frjálsum, auka samstarfið á milli krakkanna á nesinu. finnst að grasrótin hefði átt að hafa meira um þetta að segja þannig að við gætum nýtt þetta stöðuhlutfall í þetta en ekki einhverja tölvupósta eða eitthvað svoleiðis. **Garðar Svansson gjaldkeri HSH og stjórnarmaður í ÍSÍ** - búið að vera í stjórn ÍSÍ í 12 ár og var þar áður í stjórn UMFÍ – búið að vera mikil vinna að koma þessu á – stór hluti starfs framkvæmdastjóra héraðssambanda í dag er stjórnsýsla ekki íþróttastarf, hugmyndin bak við þessi störf er að þegar

Þessi 2 störf eru komin þá geti framkvæmdastjórar farið að sinna íþróttastarfinu betur sem kemur félögunum til góða.

Lárus Ástmar Hannesson Snæfellingur, spurði hvort búið væri að ákveða hvar þessar starfsstöðvar verða staðsettar? **Guðmunda UMFÍ** búum vel hér á Vesturlandi, samstarf milli héraðssambanda verið mjög gott, þetta er þróunarstarf, ekki búið að taka ákvörðun um hvar starfsstöðvarnar verða, núna er verið að fara yfir umsóknir sem hafa borist, margar mjög góðar umsóknir, ítrekaði að við megum ekki hræðast breytingar, eru oft til góðs, verðum að fara í þetta með opnum hug og gera þetta vel. Tökum þessu með opnum hug hér á Vesturlandi og vinnum þetta saman hér á Vesturlandi í samstarfi við UMFÍ og ÍSÍ.

Kristján benti á að hægt er að koma með tillögur

Framkomnar tillögur lagðar fram og vísað til nefnda

Garðar Svansson lagði fram **Þingskjal 3** fjárhagsáætlun HSH vísað til fjárhagsnefndar

Kristján lagði fram aðrar tillögur

Þingskjal 1: Hvatningartillögur til aðildarfélaganna um að gerast fyrirmyndarfélag ásamt hvatningu til að taka þátt í almenningsverkefnum ÍSÍ og UMFÍ. Vísað til Íþróttanefndar

Þingskjal 2: Þakka Sveitarfélögum á Snæfellsnesi, héraðsnefnd og fyrirtækjum fyrir stuðning við íþróttastarf á aðildarsvæði HSH. Þakka stjórn og starfsfólki UMFÍ og ÍSÍ fyrir gott samstarf og vel unnin störf. Þakka Framkvæmdarnefnd, sjálfboðaliðum, styrktaraðilum og þátttakendum fyrir frábært Landsmót UMFÍ í Stykkishólmi s.l. sumar. Sérstakar þakkir til Sveitarfélagsins Stykkishólmi fyrir samvinnu við framkvæmd Landsmóts 50+. Vísað til Íþróttanefndar

Þingskjal 4: Úthlutun Lottótekna frá HSH til aðildarfélaganna. Vísað til fjárhagsnefndar

Þingskjal 5: Úthlutun Arðgreiðslna frá HSH til aðildarfélaganna. Vísað til fjárhagsnefndar

Þingskjal 6: Hagnaður af Landsmóti UMFÍ 50+ í Stykkishólmi. Tillaga að hagnaði verði skipt að jöfnum hluta til aðildarfélaga HSH. Hlutur hvers félags er kr. 137.060. vísað til fjárhagsnefndar

Þingskjal 7: Skattur aðildarfélaga 18 ára og eldri sé 180 kr.- (Fjárhagsnefnd)

Þingskjal 8: Lög HSH vísað til allsherjar- og laganefndar

- Vekja sérstaka athygli á 13.grein laganna. Stjórn ákvað að fara í allsherjaryfirferð á lögum sambandsins þar sem þau voru orðin gömul.

Samþykkt samhljóða með nokkrum orðalagsbreytingum.

Þingskjal 9: Tillaga frá Skotfélagi Snæfellsness til sveitarfélaganna á Snæfellsnesi að beita sér fyrir því að rafmagnsvæða æfingarsvæði skotfélagsins. Vísað til allsherjar- og laganefndar.

Greinargerð

Það eru ekki margir sem vita það að Skotfélag Snæfellsness er eitt elsta skotiþróttafélag landsins og eitt það fjölmennasta. Félagsmenn telja á þriðja hundrað og eru frá öllu Snæfellsnesi og víðar. Æfingasvæði félagsins er eitt það besta frá náttúrunnar hendi og þótt víðar væri leitað. Gríðarlega mikil uppbygging hefur átt sér stað hjá félaginu undanfarin ár og með nýja ríffilskothúsinu sem félagið var að byggja er félagið komið með eina bestu æfingaaðstöðu landsins.

Starfsemi félagsins er mjög öflug með fjölda viðburða s.s. unglingskvöld, konukvöld, skotvopnanámskeið, skotmót o.fl. Með nýja ríffilskothúsinu og bættri aðstöðu hefur aðsóknin í æfingasvæðið aukist gríðarlega og á sama tíma er hægt að skipuleggja fleiri viðburði, því félagið er ekki eins bundið af veðrinu og áður. Þetta hefur lengt æfingatímabilið hjá félagsmönnum um marga mánuði.

Félagið hefur nú fest kaupum á 60m² félagshúsnæði sem flutt verður á svæðið á næstu mánuðum en það var keypt til að bregðast við þeirri fjölgun sem hefur átt sér stað hjá félaginu. Með nýja félagshúsnæðinu til viðbótar við nýja ríffilskothúsið verður æfingasvæðið orðið eitt það besta hér á landi.

En þrátt fyrir alla þessa eftirtektarverðu uppbyggingu þá eru innviðirnir á svæðinu sem að valda félaginu miklum vandræðum. Ekki er hægt að kynda þessi mannvirki því félagið er ekki með rafmagn og ekki með rennandi vatn. Mannvirkin og búnaður liggja undir skemmdum og erfitt er að fá starfsleyfi fyrir svæðinu. Ekki er hægt að vera með salernisaðstöðu nema rétt yfir sumartímann og sú salernisaðstaða er ekki fyrir alla, því til þess að fá vatn í salernið þarf að setja í gang ljósavél sem gefur rafmagn í dælu sem dælir vatni í salernið til að geta sturtað niður. Svo þegar það fer að kólna í veðri þarf að ganga frá dælunni og vatnstankinum og fjarlægja allar lagnir því húsin eru ekki frostfrí

vegna rafmagnsleysis. Þetta er eitthvað sem heilbrigðiseftirlitið hefur sett út á og erfitt er að fá starfsleyfi fyrir æfingasvæðinu almennt, því það eru kröfur um salernisaðstöðu, eftirlitsmyndavélar, upplýsta aðkomu o.fl.

Þá hefur félagið þurft að draga að sér lappirnar í skipulagningu vinsælla viðburða s.s. skotmóta, námskeiða o.fl. því félagið getur ekki boðið upp á viðunandi salernisaðstöðu. Það er ekki hægt að bjóða kvenfólkinu í félaginu eða gestum sem sækja hingað skot mót upp á það að þurfa að læðast bakvið hús til að létta á sér. Félagið hefur því þurft að draga að sér lappirnar í skipulagningu Þæjumóts, konukvölds, unglingskvölds, skotvopnanámskeiða og mótahalds. Lögregluembættið á Vesturlandi fær einnig skotæfingasvæði félagsins til afnota nokkrum sinnum á ári til þess að sinna skotæfingum og skotprófum, en þau hafa þurft að fara inn í Grundarfjörð til þess að komast salerni. Nú síðast þurfti félagið að afþakka það að halda hér Íslandsmeistaramót í Benchrest og einnig að afþakka það að halda Íslandsmeistaramót í BR50 vegna lélegra innviða, en Skotíþróttasamband Íslands óskaði eftir því að þessi Íslandsmeistaramót yrðu haldin hjá félaginu, því félagið er með besta skotsvæðið á landinu til að halda þessi mót.

Með því að rafvæða æfingasvæðið þá væri hægt að bæta úr öllum þeim helstu vandamálum sem standa í vegi fyrir frekari uppbyggingu á svæðinu og öflugri starfsemi.

Þetta er einnig umhverfismál þar sem þarf að brenna olíu til að keyra rafstöðvar. Þetta varðar einnig öryggismál þar sem ekkert farsímasamband er á svæðinu og heldur ekkert Tetra samband fyrir viðbragðsaðila.

Félagið er búið að reyna um árabíl að fá rafmagn, en félagið ræður ekki við þann kostnað eitt síns liðs. Félagið vonast því eftir aðstoð frá sveitarfélögum á Snæfellsnesi, því þetta er félagið okkar allra og án rafmagns á félagið sér enga framtíð á þessum stað.

Fyrir hönd Skotfélags Snæfellsness

Jón Pétur Pétursson

Þingskjal 10: Íþróttamaður ársins breytist í íþróttamanneskju ársins í takt við tíðarandann. Íþróttamanneskja nær yfir: íþróttakarlar, íþróttakona, íþróttakvár. Vísað til Allsherjar- og laganeftindar.

Reglugerð um Íþróttamanneskju HSH

1.grein

Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu veitir árlega heiðursviðurkenninguna „Íþróttamanneskja HSH“ þeirri íþróttamanneskju á sambandsvæði HSH, sem þótt hefur skara fram úr á íþróttasviðinu á því ári. Viðurkenning þessi er tengd minningu Pálma Frímanssonar.

2.grein

Sá er hlýtur nafnbótina Íþróttamanneskja HSH skal afhentur bikar til varðveislu í eitt ár. Auk þess skal hann fá minni grip til eignar.

3.grein

Aðildarfélög HSH skili árlega tilnefningu íþróttamanneskju frá félaginu til stjórnar HSH eigi síðar en 1. desember. Aðildarfélögum ber að skila tilnefningum og greinargerð á þar til gerðum skapalónum sem HSH leggur til um Íþróttamanneskju ársins. Miðað skal við að viðkomandi sé 16 ára og eldri.

4.grein

Aðalstjórn HSH kalli saman kjörfund vegna íþróttamanneskju HSH eigi síðar en 10. desember ár hvert. Atkvæðisrétt á fundinum hafi stjórn og varastjórn HSH. Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg.

5.grein

Kosning fari þannig fram, kjörmenn riti 3 nöfn á sinn kjörseðill. Kjörseðill telst einungis gildur með 3 nöfnum. Ef 2 eða fleiri eru jafnir að kosningu lokinni skal kjósa milli þeirra þar til úrslit fást.

6.grein

Útnefning íþróttamanneskju HSH fari fram á héraðsþingi HSH eða við annað tækifæri sem stjórn ákveði.

Þingskjal 11: Starfsemi ráða Reglugerðir – vísa til umræðu í nefndum vísað til allsherjar- og laganefundar.

REGLUGERÐ UM STARFSEMI RÁÐA HSH

Aðildarfélögum HSH er heimilt að stofna fagråd um viðkomandi íþrótt. Fagráðin skulu vera ráðgjafandi er varðar íþróttgreinina. Stjórn HSH skal vera heimilt að kalla til einstaka ráð í ákveðin sérverkefni þó þar sé ekki um að ræða samþykktir héraðsþings. Ráðin hafa ekki ákvörðunarrétt í meiriháttar málum og geta ekki tekið á sig fjárhagslegar skuldbindingar.

Matarhlé 19:40 í framhaldi hófust nefndarstörf og var þeim lokið 21:01

Nefndarálit, umræður og atkvæðagreiðslur

Þingforseti býður formenn nefnda í pontu. Formenn nefnda kynna sínar tillögur. Atkvæðagreiðsla.

Fjárhagsnefnd: María Alma Valdimarsdóttir lagði fram tillögur sem komu úr fjárhagsnefnd. Þakkaði nefndarmönnum fyrir samstarfið.

Þingskjal 4 Samþykkt samhljóða

Þingskjal 5 Samþykkt samhljóða

Þingskjal 6 í vinnu nefndarinnar kom fram breytingatillaga:

Hagnaður Héraðssambands Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, vegna mótahalds Landsmóts 50+ sem haldið var í Stykkishólmi 23. – 25.júní 2023, verði skipt eftir vinnuframlagi þeirra aðildarfélaganna HSH sem tóku þátt í skipulagningu og vinnu við mótið.

Breytingatillagan samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða og því var þingskjali 6 vísað frá.

Þingskjal 7 Samþykkt samhljóða

Þingskjal 3 Samþykkt samhljóða með breytingum.



HÉRAÐSSAMBAND SNÆFELLSNESS- OG HNAPPADALSSÝSLU

Stofnað 1922

Áætlun fyrir árið 2024	Áætlun fyrir árið 2023	Rauntölur fyrir árið 2023
Rekstrartekjur:	Rekstrartekjur:	Rekstrartekjur:
Lottó 10.500.000	Lottó 12.500.000	Lottó 13.659.849
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ 600.000	Útbreiðslustyrkur ÍSÍ 500.000	Útbreiðslustyrkur ÍSÍ 676.000
Styrkur Héraðsnefndar 1.500.000	Styrkur Héraðsnefndar 1.500.000	Styrkur Héraðsnefndar 1.500.000
Styrkur vegna íþróttastarfs 800.000	Styrkur vegna íþróttastarfs 400.000	Styrkur vegna íþróttastarfs 500.000
Getraunir 900.000	Getraunir 500.000	Getraunir 889.734
Aðrar tekjur 800.000	Aðrar tekjur 300.000	Aðrar tekjur 3.617.042
<u>15.100.000</u>	<u>15.700.000</u>	<u>20.842.625</u>
Rekstrargjöld:	Rekstrargjöld:	Rekstrargjöld:
Laun og launatengd gjöld 7.200.000	Laun og launatengd gjöld 5.000.000	Laun og launatengd gjöld 7.133.160
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður 1.300.000	Skrifstofu og stjórnunarkostnaður 2.300.000	Skrifstofu og stjórnunarkostnaður 1.948.451
Lottó til aðildafélaga 5.000.000	Lottó til aðildafélaga 7.400.000	Lottó til aðildafélaga 7.317.102
Unglingalandsmót 400.000	Unglingalandsmót 800.000	Unglingalandsmót 324.950
kostnaður vegna íþróttastarfs 1.000.000	kostnaður vegna íþróttastarfs 900.000	kostnaður vegna íþróttastarfs 2.021.103
Áætlaðir styrkir til íþróttastarfs 300.000	Áætlaðir styrkir til íþróttastarfs 300.000	Áætlaðir styrkir til íþróttastarfs 390.860
<u>15.200.000</u>	<u>16.700.000</u>	<u>19.135.626</u>

Íþróttanefnd: Berglind Long lagði fram tillögur sem komu úr íþróttanefnd. Þakkaði nefndarmönnum fyrir samstarfið

Þingskjal 1

- Hvetja öll aðildarfélög HSH til þess að verða fyrirmyndarfélag.
- Hvetja öll aðildarfélög HSH til þess að mæta á Landsmót UMFÍ 50+ í Vogum á Vatnsleysuströnd 2024.
- Hvetja öll aðildarfélög HSH til þess að mæta á Unglingalandsmót UMFÍ 2024 í Borgarnesi.
- Hvetja öll aðildarfélög HSH til þess að taka þátt í almenningsverkefnum ÍSÍ og UMFÍ.

Orðalagsbreyting – samþykkt samhljóða.

Þingskjal 2 Samþykkt samhljóða

Allsherjar- og laganeftnd: Laufey Bjarnadóttir lagði fram tillögur sem komu úr Allsherjar- og laganeftnd. Þakkaði nefndarmönnum fyrir samstarfið

Þingskjal 8 Orðalagsbreytingar Samþykkt samhljóða

Þingskjal 9 Samþykkt samhljóða með viðbótum við greinargerð sem fylgdi þessari tillögu.

Þingskjal 10 Samþykkt samhljóða

Þingskjal 11 Samþykkt samhljóða

Kosningar

Formaður HSH

Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson gefur kost á sér áfram sem formaður HSH. Þingforseti spyr hvort það sé samþykkt. Samþykkt samhljóða

Aðrir í stjórn og varastjórn.

Kjósa þarf um 2 í stjórn til tveggja ára, Laufey Bjarnadóttir, og Kristfríður Rós Stefánsdóttir gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Þingforseti spyr hvort það sé samþykkt. Samþykkt samhljóða

Tveir skoðunarmenn og tveir til vara.

Þingforseti ber upp tillögu um að Davíð Sveinsson og Magnús Ingi Bæringsson verði skoðunarmenn reikninga HSH. Þingforseti spyr hvort það sé samþykkt. Samþykkt samhljóða

Uppstillinganefnd, 4 af formönnum aðildarfélaga HSH, sem starfar fram að næsta héraðsþingi. Samþykkt að stjórnin útnefni uppstillinganefnd ef á þarf að halda

Kosning fulltrúa á Íþróttþing ÍSÍ - á ekki við þar sem þing er ekki haldið á þessu ári.

14. Önnur mál

Þingforseti kynnir að nú sé komið að þessum dagskrárlið og býður í pontu þeim sem hafa óskað eftir því.

Viðar Sigurjónsson frá ÍSÍ þakkar fyrir gott þing, andi góður sem svífur yfir vötnum, nefndarstörf fagleg. Stjórnarkjör gengu fljótt og vel fyrir sig. Til hamingju með vandaða og góða skýrslu, eigulegt rit og góð heimild. Reikningar góðir. Vonandi verða allir sáttir við starfsstöðvarnar. Hefur það fyrir venju að enda tal sitt á að fara með frumsamda vísu:

Gagnlegt þing og gengi vort,

gekk eins og í sögu.
Þó ég hafi aðeins ort,
eina litla bögu.

Mér sýnist ykkur gatan greið,
ég greini brá af lyngi,
og heill ég stefni heim á leið,
af héraðssambandsþingi.

Snilldar átti að sönnu kvöld,
og segi úr mínu hjarta,
um óteljandi árafjöld,
eigið framtíð bjarta.

Viðar Sigurjónsson
Stjórnsýslusviði ÍSÍ.

Viðar þakkar fyrir röggsama fundarstjórn

Gísli Pálsson umf. Snæfell mikil gróska, unglíngalandsmót í sumar í Borgarnesi, síðustu ár hefur þátttöku frá HSH dalað. Hvetur aðildarfélögin til að fjölmenna í Borgarnes. **Kristján Þórðarson** tekur undir með **Gísla. Berglind Long** kom inná að hægt er að skrá sig sem einstakling og þá er viðkomandi settur í lið. Nokkur umræða um þetta og allir sammála að hvetja til þátttöku.

Kristján Þórðarson þakkaði fyrir sig og gefur formanni HSH **Hjörleifi Kristni Hjörleifssyni** orðið til þess að slíta þingi.

Hjörleifur þakkar gott þing, óvenjumikið sem lá fyrir og þakkar aðilum frá UMFÍ og ÍSÍ fyrir komuna. Hjörleifur afhenti starfsmönnum þingsins blómvönd, ásamt þeim Sigurósk Sunnu og Hauki Þórðarsyni fyrir umsjón þingsins, umsjón þingsins var í höndum Umf. Staðarsveitar og Golfklúbbi Staðarsveitar. Næsti þingsstaður verður í Grundarfirði 2025 í umsjón Skotfélags Snæfellsness og UMFG

Þakkar traustið sem honum er sýnt með því að vera kosinn formaður HSH og segir þessu þingi
slitið (21:55)